

Ár 2008, mánudaginn 28. janúar, er á dómþingi Áfrýjunardómstóls Handknattleikssambands Íslands í málinu nr. 1/2008:

Handknattleiksdeild Stjórnunnar

gegn

Handknattleikssambandi Íslands og

handknattleiksdeild Fram

uppkveðinn svohljóðandi

d ó m u r :

Mál þetta dæma Þorgeir Ingi Njálsson, Gunnar Jónsson og Helgi I. Jónsson.

Sóknaraðili, handknattleiksdeild Stjórnunnar, skaut máli þessu til dómsins með áfrýjun 30. f.m. Áfrýjað er úrskurði Dómstóls Handknattleikssambands Íslands 27. desember 2007, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi.

Hér fyrir dómi gerir sóknaraðili þá kröfu að úrskurður Dómstóls Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) verði felldur úr gildi og málinu vísað til hans að nýju til efnislegrar meðferðar. Til vara er þess krafist að úrslit í leik Fram og Stjórnunnar í meistaraflokki kvenna, sem fram fór 6. desember 2007, verði dæmd ógild og að leikurinn fari fram að nýju á hlutlausum velli. Einnig er gerð sú krafa að dómáttar leiksins verði áminntir eða víttir.

Varnaraðili, handknattleiksdeild Fram, krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Handknattleikssamband Íslands hefur ekki látið málið til sín taka.

Málið var dómtekið 23. þ.m.

Fyrir Dómstóli HSÍ gerði sóknaraðili þá kröfu að úrslit framangreinds leiks yrðu dæmd ógild og að leikurinn færi fram að nýju á hlutlausum velli. Þá var þess jafnframt krafist að dómáttar leiksins yrðu sviptir dómáttarrettindum. Þessi krafa sóknaraðila hefur ekki sætt efnislegru úrlausn, enda var málinu svo sem fram er komið vísað frá dómi.

Með vísan til forsenda hins kærða úrskurðar er staðfest sú niðurstaða hans að það heyrir ekki undir dómstóla HSÍ að taka afstöðu til atriða sem varða undirbúning leiks, hafi athugasemdir þar að lútandi ekki verið gerðar áður en hann hófst. Þá getur það aldrei

verið í verkhring dómstóla HSÍ að taka afstöðu til atriða sem lúta að frammistöðu dómara. Að þessu sögðu stendur ekkert það eftir í áfrýjun sóknaraðila sem snertir með þeim hætti framkvæmd umrædds leiks að aðalkrafa sóknaraðila geti náð fram að ganga. Samkvæmt þessu er niðurstaða Dómstóls HSÍ staðfest með þeim hætti sem í dómsorði greinir. Af því leiðir að sú krafa sem sóknaraðili hafði uppi fyrir dómstólnum og sem varakröfu hér fyrir dómi mun ekki sæta efnislegri úrlausn dómstóla HSÍ.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Dómstóli Handknattleikssambands Íslands.

Þorgeir Ingi Njálsson

Gunnar Jónsson

Helgi I. Jónsson

Rétt endurrit staðfestir
f.h. Áfrýjunardómstóls HSÍ

Þorgeir Ingi Njálsson